

Fimmtudaginn 24. nóvember 1994.

Nr. 455/1994.

Hlynur Jörundsson

gegn

Þorvarði V. Þorvaldssyni

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Lögmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. október 1994, sem barst Hæstarétti 15. nóvember sl. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 13. október 1994 þess efnis, að bú sóknaraðila sé tekið til gjaldþrotaskipta. Sóknaraðili „ítrekar kröfur um sýknun“, en fyrir héraðsdómi var bókuð sú dómkrafa hans, að synjað yrði kröfu Þorvarðar V. Þorvaldssonar um, að bú sóknaraðila yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila og kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hefur Jón Egilsson héraðsdómslögmaður skilað greinargerð í málinu til Hæstaréttar. Sá lögmaður fullnægir ekki skilyrðum 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur, sbr. 1. gr. laga nr. 25/1953, til að flytja mál fyrir Hæstarétti. Verður því að líta svo á, að varnaraðili hafi ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Í hinum kærða úrskurði er tekið upp orðrétt framsal Bjarna Ásgeirssonar hæstaréttarlögmanns til varnaraðila 22. júní 1994 á dómkröfu Íslandsbanka hf. á hendur sóknaraðila. Krafan er samkvæmt áskorunarstefnu, sem árituð er um aðfararhæfi 30. janúar 1990 á hendur sóknaraðila einum, en ekki ábyrgðarmönnum samkvæmt því skuldabréfi, sem um ræðir í málinu. Þegar þetta er virt, verða ákvæði 1. tl. 3. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 ekki talin því til fyrirstöðu, að krafa varnaraðila verði tekin til greina.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 13. október 1994.

Mál þetta, sem varðar ágreining um gjaldþrotaskipti, var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. október sl.

Sóknaraðili, Þorvarður V. Þorvaldsson, kt. 201156-3519, Bröttugötu 5, Vestmannaeyjum, gerir þá dómkröfu, að bú varnaraðila verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili, Hlynur Jörundsson, kt. 300359-2729, Álfrólsvogi 14, Kópavogi, gerir þá dómkröfu, að synjað verði kröfu sóknaraðila um gjaldþrotaskipti.

Krafa sóknaraðila barst dóminum 2. september 1994. Við fyrirtöku kröfunnar á dómþingi 27. sama mánaðar sótti varnaraðili þing og hafði uppi mótmæli við kröfu um gjaldþrotaskipti. Var þá mál þetta þingfest.

Atvik að baki máli er þau, að með áskorunarstefnu, út gefinni 6. október 1989, höfðaði Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði, mál fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar á hendur Hlyni Jörundssyni, Júlíusi R. Júlíussyni, Halldóri Berg Jónssyni og Heiðari Víkingi Eiríkssyni in solidum til greiðslu skuldar, að fjárhæð 298.298,90 kr., auk dráttarvaxta skv. skuldabréfi, út gefnu 16. 12. 1988 til Iðnaðarbanka Íslands hf., Hafnarfirði, upphaflega að fjárhæð 290.000 kr. Var Hlynur Jörundsson útgefandi bréfsins, en stefndu höfðu tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á því. Hinn 30. 1. 1990 voru stefnukröfur málsins áritaðar aðfaranhæfar á hendur Hlyni Jörundssyni.

Hinn 22. júní 1994 gerir Bjarni Ásgeirsson hrl. svohljóðandi framsal: „Dómkröfur í málinu Iðnaðarbanki Íslands hf., Hafnarfirði, gegn Hlyni Jörundssyni, Júlíusi R. Júlíussyni, Halldóri Berg Jónssyni og Heiðari Víkingi Eiríkssyni skv. stefnu, útg. 6. 10. 1989, hefur verið greidd að fullu af Þorvarði V. Þorvaldssyni, Bröttugötu 5, Vestmannaeyjum, með 400.000 kr., og hefur hann því keypt kröfu þessa og fær dómkröfuna framselda með öllum dæmdum vöxtum og málskostnaði og áföllnum og áfallandi kostnaði, og er krafan því eign Þorvarðar. Framsal þetta er gert í fullu samráði við Halldór B. Jónsson, Júlíus R. Júlíusson og Heiðar Víking Eiríksson, en Þorvarður leysti kröfuna til sín fyrir hönd þeirra félaga. Framsal þetta er án ábyrgðar af hálfu upphaflegs kröfuhafa.“

Sóknaraðili krefst gjaldþrotaskipta á búi varnaraðila skv. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. og lýsir í endanlegri kröfu sinni kröfu að höfuðstól 298.298 kr., en samtals 1.116.794 kr., allt að fráðregnum 120.000 kr. vegna innborgana, samtals 1.036.691,53 kr. Sóknaraðili greinir svo frá, að skuldin sé samkvæmt áskorunarstefnu, sem lögð hafi verið fram á bæjar-

þingi Hafnarfjarðar 7. 11. 1989 og árituð um aðfararhæfi 30. 1. 1990. Kröfueigandi, Þorvarður V. Þorvaldsson, hafi leyst kröfuna til sín og dómurinn verið framseldur honum. Að kröfu Hörpu hf. hafi verið gerð árangurslaus aðför hjá varnaraðila 17. 8. 1994.

Varnaraðili reisir mótmæli sín á því m. a., að framsal það, sem krafan sé reist á, sé málamyndagerningur. Krafan sé löngu niður fallin. Þá sé áritun stefnu einungis á hann og ábyrgðarmennirnir þrír því dómkröfunni óviðkomandi.

Niðurstaða.

Árangurslaust fjárnám fór fram hjá varnaraðila 17. 8. 1994. Sóknaraðili reisir fjárkröfu sína á hendur varnaraðila á framsali Bjarna Ásgeirssonar hrl. á kröfu samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu á hendur varnaraðila. Gögn málsins bera ekki með sér, að um málamyndagerning sé að ræða. Þá hefur varnaraðili ekki sýnt fram á, að hann hafi greitt kröfuna. Samkvæmt þessu er fullnægt skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 til að verða við kröfu sóknaraðila, og er því bú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta.

Úrskurð þennan kveður upp Þorgerður Erlendsdóttir fulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Bú Hlyns Jörundssonar, kt. 300359-2729, Álfhólsvegi 14, Kópavogi, er tekið til gjaldþrotaskipta.
